

Reykjavík, 28.mars 2017

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011
(textun myndefnis).**

Félag heyrnarlausra fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr.28/2011. Við teljum mikilvægt að nefndin taki jákvæða afstöðu til frumvarpsins þar sem hún mun gera mörgum landsmönnum kleift til að njóta innlends sjónvarpsefni á jafnréttisgrundvelli. Talið er að um 15% þjóðarinnar, eða um 45 þúsund manns heyri það illa að það þurfi á textun sjónvarpsefnis að halda auk þess sem textun íslensks sjónvarpsefnis eflir vörn utan um íslenska tungu.

Fyrir hönd Félags heyrnarlausra
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
formaður



FJÖLMIÐLANEFND

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingishúsið v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2017
Mál nr. 2017 - 1555 / 0.4

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (Textun myndefnis)

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis frá 17. mars 2017. Í erindinu er fjölmiðlanefnd send til umsagnar frumvarp til laga um fjölmiðla (þingskjal 203 – 144. mál). Í frumvarpinu er lögð til breyting á 30. gr. laga um fjölmiðla og lagt til að nýjum málslið verði bætt við frumvarpið um að ávallt skuli fylgja texti á íslensku sem endurspeglar texta hljóðrásar myndefnisins eins nákvæmlega og kostur er.

Frumvarpið var first flutt á 143. löggjafarþingi (497. mál) það var síðan endurflutt á 144. Löggjafarþingi (108. mál)

Þar sem frumvarp þetta er lagt fram að nýju í óbreyttri mynd, vísar fjölmiðlanefnd til umsagnar sinnar frá 9. mars 2015 um sama mál.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,


Ingvi Hrafn Óskarsson


Heiðís Lilja Magnúsdóttir



Umsögn: Þingmál 144, breytingar á lögum um fjölmiðla.

Heyrnarhjálp styður eindregið framkomið frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/2011, en þar er fjölmiðlaveitum, sem miðla myndefni, gert skylt að láta ávallt fylgja texta á íslensku.

Textun myndefnis er eitt stærsta hagsmunamál heyrnarskerts fólks og forsenda þess að það geti fylgst með málefnum líðandi stundar og menningarviðburðum og er þar með grundvöllurinn að virkri þátttöku þess í íslensku þjóðfélagi.

Í ljósi mikilvægis viðfangsefnisins er afar brýnt að framkvæmdin heppnist vel og að um hana ríki almenn og jákvæð sátt.

Í þessu sambandi hefur Heyrnarhjálp áhyggjur af því að smærri fjölmiðlar hafi ekki fjárhagslega burði til að fylgjast með örri þekkingar- og tækniþróun né að innleiða þær lausnir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skilyrði laganna.

Heyrnarhjálp leggur því áherslu á, að samhliða lagabreytingum-þessum verði gerðar ráðstafanir til að styðja við þróun og útbreiðslu textunar, en það mætti til dæmis gera með samningi við Máltæknisetur

(<http://www.maltaeknisetur.is/>) um rannsóknir, prófun og miðlun lausna á sviði sjálfvirkar textunar.

Reykjavík, 23. mars 2017

Virðingarfyllst f.h. stjórnar Heyrnarhjalpar

Kolbrún Stefánsdóttir,
Framkvæmdastjóri
S-8666444

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2017

Efni: 146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal 203 – 144. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (textun myndefnis).

Íslensk málnefnd hefur í annað sinn fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla og snýr breytingin að textun myndefnis. Beiðninni var svarað í fyrra sinn 27. febrúar 2015. Málnefndin er enn sömu skoðunar og þá og lætur því fyrra svar fylgja hér:

Málnefndin styður þá breytingartillögu að við 30. gr. laganna bætist nýr málslíður svohljóðandi: „Myndefni sem fjölmiðlaveitur miðla skal ávallt fylgja texti á íslensku sem endurspeglar texta hljóðrásar myndefnisins eins nákvæmlega og kostur er.“ Þessi breytingartillaga er í anda íslenskrar málstefnu sem nefndin samdi fyrir menntamálaráðuneytið 2008 og samþykkt var á Alþingi með þingsályktun 12. mars 2009. RÚV hefur staðið sig best í textun efnis, og reynir þannig að fylgja málstefnu sinni, en enn vantar nokkuð upp á að allt efni sé textað. Aðrar fjölmiðlaveitur standa sig mun verr. Íslensk málnefnd telur það réttindamál heyrnarlausra og heyrnarskertra, en einnig þeirra sem erfitt eiga með að skilja talað íslenskt mál, að hafa tækifæri til að lesa texta á skjá og fá þannig full not af útsendu efni.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran
formaður

17.3.2017

Umsögn um breytingu á fjölmiðlalögum, 144. mál

Póst- og fjarskiptastofnun var búin að skila inn umsögn um þetta frumvarp þegar það var til umfjöllunar á síðasta þingi, sbr. meðfylgjandi skjal. PFS áréttar nú þau sjónarmið sem þar koma fram.

Kveðja,
Björn



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Björn Geirsson

Forstöðumaður / Director

Lögfræðideild / Legal Division

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SUÐURLANDSBRAUT 4
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Alþingi - menntamálanefnd
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2015

Málsnúmer: 2015020114
Skjalalýkill: 15.3.4

Málefni: Umsögn um breytingu á fjölmiðlalögum – textun myndefnis

Póst- og fjarskiptastofnun hefur borist erindi allsherjar- og menntamálaráðuneytisins, dags. 20. febrúar s.l., þar sem stofnuninni er gefinn kostur á því að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, sbr. þingskjal 108 – 108 mál.

Efni frumvarpsins er fyrirhuguð viðbót við 30. gr. gildandi fjölmiðlaga um að myndefni sem fjölmiðlaveitur miðla skuli ávallt fylgja texti á íslensku sem endurspeglar texta hljóðrásar myndefnisins eins nákvæmlega og kostur er. Virðist vera gert ráð fyrir að ákvæðið gildi jafnt um íslenskt og erlent dagskrárefni.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er markmið breytinganna sagt vera að að gera sjónvarpsáhorfendum, sem eru heyrnarlausir eða heyrnarskertir að því marki að þeim gagnast ekki talmál í sjónvarpi, kleift að njóta sjónvarpsefnis á íslensku.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilning á samfélagslegu markmiði fyrirhugaðrar lagabreytingar. Stofnunin telur á hinn bóginn að fyrirhuguð breyting, án frekari afmörkunar, muni fela í sér talsvert íþyngjandi skyldur á fjölmiðlaveitur og jafnvel útiloka aðgang almennings að víðtæku framboði af sjónvarpsefni.

Hér verður að hafa í huga að ætlunin virðist vera að leggja skylduna á fjölmiðlaveitur almennt án takmörkunar. Þá verður að gæta að því að fjölmiðlaveitur geta verið mismunandi hvað varðar stærð og gerð. Dæmi eru um tiltölulega litlar fjölmiðlaveitur sem senda út ókeypis sjónvarpsefni. Ætla má að það væri slíkum fjölmiðlaveitendum ofviða að texta allt sjónvarpsefni sem ekki er sent út í beinni útsendingu. Á hinn bóginn eru á markaði stórar fjölmiðlaveitur sem fjármagnaðar eru með áskriftargjöldum eða opinberum gjöldum. Í dag gengur Ríkisútvarpið ohf. nokkuð langt í því að texta allt sjónvarpsefni sem unnið er fyrirfram, en spyrja má hvaða afleiðingar umræddar lagabreytingar hafa á fjölmiðlaveitur sem fjármagna sig á almennum markaði, þ.e. hvort að áskriftargjöld myndu hækka umtalsvert.

Í því samhengi, þ.e. hvort að umrædd lagabreyting myndi hækka áskriftargjöld, telur Póst- og fjarskiptastofnun bagalegt að ekkert mat á kostnaði fjölmiðlaveitenda við að uppfylla kröfur um textun alls sjónvarpsefnis skuli liggja fyrir. Verður að telja að slíkt mat sé forsendan fyrir því hvort framkvæmanlegt eða skynsamlegt sé að leggja slíka skyldu á allar fjölmiðlaveitur.


Þá virðist sem erlent endurvarp sé ekki undanþegið umræddri skyldu til textunar, þrátt fyrir að erlent endurvarp sé sérstaklega skilgreint í fjölmiðlalögum og því mögulegt að aðgreina slíka þjónustu frá annarri myndmiðlun. Hér er átt við dagsskrár erlendra fjölmiðlaveitna sem miðlað er viðstöðulaust hér á landi með svo kölluðu erlendu endurvarpi, en slíkt efni er aðgengilegt í

sjónvarpsþjónustum fjarskiptafyrirtækjanna, auk 365 miðla. Með tilliti til þess ætlunin sé að leggja umrædda skyldu til textunar á, að því er virðist án frekari afmörkunar, er það mat Póst- og fjarskiptastofnunar, að búast megi við því að erlent endurvarp leggist almennt af, ef af þessari breytingu verður. Meðal þess efnis sem hér um ræðir eru útsendingar Norrænu sjónvarpsstöðvanna, sem notið hafa þó nokkurs áhorfs hér á landi.

Samkvæmt framangreindu telur Póst- og fjarskiptastofnun að umrædd lagaskylda, til textunar á öllu myndefni, jafnt innlendu sem erlendu, geti falið í sér svo íþyngjandi kvöð fyrir minni fjölmiðlaveitendur að rekstrarforsendur þeirra breyta, auk þess sem að breytingarnar gætu dregið verulega úr því framboði sjónvarpsefnis sem landsmönnum stendur nú til boða. Gæti slíkt haft neikvæð áhrif á samkeppnisumhverfi íslenskra fjölmiðlaveitenda og hamlað nýsköpun. Hvað varðar áhrif á neytendur almennt að þá er líklegt að breytingin myndi takmarka mjög framboð á alls konar afþreyingar- og fræðsluefni á formi myndmiðlunar.

Af þessum sökum leggur Póst- og fjarskiptastofnun til að tekið verði til gaumgæfilegrar skoðunar hvort rétt sé að samþykkja þá breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að minnsta kosti telur Póst- og fjarskiptastofnun æskilegt að skyldan til textunar verði afmörkuð nánar, t.d. að hún gildi ekki um smærri fjölmiðlaveitur, sem senda út ókeypis dagskrárefni, og útsendingar á erlendu endurvarpi.

Virðingarfyllst,


Björn Geirsson



Reykjavík 4. apríl, 2017

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (textun myndefnis).

Í frumvarpi þessu er stigið mikilvægt og sjálfsagt skref til að gera myndefni fjölmiðla aðgengilegt fyrir sem flesta. Efni frumvarpsins snýr einkum að fólki sem er heyrnarskert eða heyrnarlaust en, eins og bent er á í greinargerð með frumvarpinu þá er mikilvægt að taka tillit til hratt vaxandi hóps eldri borgara hér landi. Við viljum jafnframt benda á að textun efnis mun jafnframt gagnast hratt vaxandi fjölda fólks af erlendum uppruna hér á landi. Því blasir við sú staðreynt að textun mun gagnast miklum fjölda fólks hér á landi sem þarf á texta að halda til að njóta eða hafa betri aðgang að sjónvarpssendingum.

Að okkar mati er hér um að ræða sjálfsagt mannréttindamál og mikilvægt aðgengismál. Við minnum á að Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveðjur á um „viðeigandi aðlögun“ á öllum sviðum og „algilda hönnun“ til að forðast misrétti á grundvelli fötlunar. Frumvarpið felur í sér mikilvægt skref varðandi þessi grundvallaratriði sáttmálans Alþingi samþykkti að fullgilda í september 2016.

Við teljum hins vegar að frumvarpið þyrfti að ganga lengra og kveða sterkar á um að efni sé túlkað á táknaði, og að þar ætti jafnframt að kveða á um að gera efni fjölmiðla aðgengilegt fyrir fleiri hópa svo sem fólk með þroskahömlun og fólk sem er blint eða sjónskert.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum

Rannveig Traustadóttir forstöðumaður og prófessor í fötlunarfræðum
rannvt@hi.is



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2017

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (textun myndefnis). Þingskjal 203 – 144. mál.

Athugasemdir ÖBÍ um frumvarpið í heild

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, að fjölmiðlaveitum sem senda út sjónvarpsefni verður skylt að texta allt myndefni sem þær miðla á íslensku án tillits til þess hvort texti hljóðrásar er á íslensku eða erlendu máli.

Mikilvægt frumvarp

Mikilvægt er að frumvarpið nái fram að ganga og með því er komið til móts við heyrnarskerta, en aðgengi þeirra að efni í íslensku sjónvarpi er í dag óviðunandi.

Allt að 16% þjóðarinnar er heyrnarskert að einhverju leyti, sem þýðir að um 54.000 manns getur illa notið þeirra mannréttinda að að fylgjast með útsendu efni. Sá fjöldi á eftir að aukast í framtíðinni enda er þjóðin að eldast. Það eru því margir sem ekki geta fylgst með beinum útsendingum og horft á íslenskt efni í sjónvarpi.

Ekki má heldur gleyma því að aðrir en heyrnarskertir styðjast við íslenskan texta við áhorf, eins og fólk með þroskahömlun, fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og börn sem er að læra að lesa. Textun á innlendu sjónvarps efni eflir ekki síður íslenska tungu, en textun á erlendu máli. Þó eru ákvæði um textun erlends sjónvarpsefnis mun ríkari en innlands í lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011.

Óháð fjölda er óskoraður réttur fatlaðs fólks til að njóta sama aðgengis og aðrir samfélagsþegnar. Mismunurinn er ekki heimil.

Aðgengi fyrir alla

Í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), sem Ísland fullgilti 20. september 2016, er ítarlega fjallað um aðgengismál. Í 9. gr. SRFF segir:

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang til jafns við aðra að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þar með talið upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem veitt er almenningi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem skulu meðal annars felast í því að staðreyna og útrýma hindrunum og tálum sem hefta aðgengi.

Í 2. tl. 9. gr. SRFF eru eftirfarandi skyldur lagðar á aðildarríki til að tryggja viðeigandi ráðstafanir:

- b) tryggja að einkaaðilar, sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu, sem veitt er almenningi, taki mið af hvers kyns aðgengi fyrir fatlað fólk,
- f) auka við að fatlað fólk fái notið annars konar viðeigandi aðstoðar og þjónustu sem tryggir því aðgang að upplýsingum,
- g) auka við aðgang fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, meðal annars Netinu,

Í 21. gr. SRFF um tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgang að upplýsingum segir:

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þar með talið frelsi til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við aðra, með hjálp hvers kyns samskiptamiðla að eigin vali, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, meðal annars með því að hvetja fjölmiðla, meðal annars upplýsingaveitur á Netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki.

Ennfremur segir í d-lið 21. gr. aðildarríki skuli:

...hvetja fjölmiðla, meðal annars upplýsingaveitur á Netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki,

Jafnframt segir um þátttöku í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi í a-lið 30. gr. SRFF að:

Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í menningarlífi til jafns við aðra og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk njóti aðgengis að menningarefni á aðgengilegu formi.

Ályktun ÖBÍ

Rík ástæða er til að frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 28/2011 (textun myndefnis) verði að lögum og þannig færa í lög rétt heyrnarskerts fólks og fólks með þroskahömlun til aðgengis að myndefnis í fjölmiðlum til jafns við aðra þegna þjóðarinnar. Það á við um allt myndefni, hvort sem er íslenskt eða erlent, í beinni útsendingu eða ekki. Jafnframt er löggjafinn hvattur til að skerpa á viðurlögum við brotum.

ÖBÍ er reiðubúið að koma að frekari endurskoðun þessa frumvarps sé þess óskað.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ